

3. gr.

Miða skal við þorskígildi samkvæmt stuðlum reglugerðar nr. 631/2001 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðirárið 2001/2002. Um afla skal leggja til grundvallar upplýsingar úr aflaupplýsingakerfinu Lóðs.

4. gr.

Reglugerð þessi er gefin út á grundvelli lokamálsgreinar 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og komi til framkvæmda 1. september 2002.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. ágúst 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

**um sérstaka úthlutun skv. 1. ml. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990,
til skel- og rækjubáta.**

1. gr.

Vegna skerðinga, sem urðu á leyfilegum heildarafla í rækju á innfjarðasvæðum, þ.m.t. Eldeyjarsvæði, á fiskveiðarárinu 2001/2002, skal á fiskveiðarárinu 2002/2003 úthluta aflamarki sem nemur samtals 2.018 þorskígildistonnunum til báta, sem hafa hlutdeild í innfjarðarækju.

Við útreikning uppbóta skal miðað við, að skerðingin verði ekki meiri en 30% frá meðalafla rækjuvertíðanna 1995/1996 - 2000/2001. Ekki skal koma til uppbóta samkvæmt reglugerð þessari hafi meðaltalsaflamark báta í innfjarðarækju á einstökum svæðum verið 52,5 lestir eða hærra á fiskveiðarárinu 2001/2002.

Uppbætur samkvæmt 1. ml. 1. mgr. skulu þó skerðast hlutfallslega miðað við lækkun á leyfilegum þorskafla milli fiskveiðaráranna 2001/2002 og 2002/2003.

2. gr.

Vegna skerðinga sem orðið hafa í hörpudisksveiðum í Ísafjarðardjúpi og Húnaflóa skal á fiskveiðarárinu 2002/2003 úthluta bátum, sem aflahlutdeild hafa í hörpudiski á þessum svæðum, uppbótum í aflamarki, sem samtals nemur 174 þorskígildistonnunum. Skulu 99 þorskígildistonn koma í hlut báta með hlutdeild í hörpudiski í Húnaflóa og 75 þorskígildistonn í hlut báta með hlutdeild í hörpudiski í Ísafjarðardjúpi.

3. gr.

Vegna fyrirsjánlegra skerðinga sem verða í skelveiðum á Breiðafirði á fiskveiðarárinu 2002/2003 skal á því fiskveiðirári úthluta til þeirra báta sem hlutdeild hafa í skel í Breiðafirði samtals 400 þorskígildistonnunum.

4. gr.

Úthluta skal uppbótum til einstakra báta á grundvelli þeirrar aflahlutdeildar, sem þeir hafa í rækju og skel á viðkomandi svæði og miðast við aflahlutdeild eins og hún er 1.

ágúst 2002. Uppbæturnar skulu skiptast á eftirgreindar tegundir: þorsk, ýsu, ufsa og steinbít í hlutfalli við leyfilegt heildarmagn í þessum tegundum á fiskveiðiárinu 2002/2003 og verðmæstastuðla á fiskveiðiárinu 2001/2002.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og komi til framkvæmda 1. september 2002.

Sjávarútvegsráðuneytinu 9. ágúst 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um veiðar dagabáta fiskveiðiárið 2002/2003.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða þeirra báta, sem aðeins mega stunda handfæraveiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga, sbr. 6. gr. laga um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, hér eftir nefndir dagabátar.

Á tímabilinu 1. nóvember 2002 - 31. mars 2003 er dagabátum óheimilt að stunda veiðar, sbr. þó 2. mgr. 4. gr.

2. gr.

Við úthlutun sóknardaga fyrir fiskveiðiárið 2002/2003 skulu varanleg sóknarréttindi einstakra báta skerðast um 10%.

3. gr.

Við útreikning á nýtingu sóknardaga skal miða við þann klukkustundafjölda sem bátur er á sjó og telst hver sóknardagur 24 klukkustundir. Sókn hvers báts skal reiknuð í heilum klukkustundum frá því að bátur lætur úr höfn til þess tíma er bátur kemur til hafnar til löndunar afla. Hver hafin klukkustund telst heil klukkustund í þessu sambandi.

Skipstjóri skal tilkynna Fiskistofu um upphaf veiðiferðar áður en lagt er úr höfn. Telst veiðiferð hafin þegar tilkynning er send. Skipstjóri skal einnig tilkynna Fiskistofu þegar afla er landað hverju sinni. Tilkynningar skal senda í gegnum Símakrók, sjálfvirkan þjónustusíma Fiskistofu. Í tilkynningu skal ávallt koma fram úr hvaða höfn haldið er í veiðiferð og ennfremur í hvaða höfn afla er landað.

Við eftirlit með sókn dagabáta hefur Fiskistofa aðgang að sjálfvirku tilkynningarkerfi íslenskra skipa. Komi upp misræmi milli tilkynninga samkvæmt 2. mgr. og skráningar samkvæmt sjálfvirka tilkynningarkerfinu getur Fiskistofa ákveðið að hin sjálfvirka skráning verði lögð til grundvallar við útreikning sóknar. Óheimilt er að fara í róður nema sjálfvirka tilkynningarkerfi bátsins sé virkt.